

Skipulags- og umhverfisráð Akraneskaupstaðar

Sigurður Páll Harðarson

Skipholti 16-18

300 Akranes

Reykjavík, 9. júlí 2015

Efni: Fiskþurrkun HB Granda hf.

Í tilefni af og til skýringa á umsókn HB Granda um leyfi til viðbyggingar við fiskþurrkun félagsins við Breiðagötu 8b, dags. 23. janúar 2014.

1. Formáli

Í ágúst 2013 samþykkti stjórn HB Granda kaup á Laugafiski ehf. sem rak fiskþurrkun á Akranesi. Stjórn félagsins gerði sér grein fyrir að komið væri að mikilli endurnýjun í þurrkuninni. Aðstaðan fullnægði ekki kröfum um vinnslu matvæla og vinnslan olli of mikilli lyktarmengun. Það lá því fyrir áætlun um verulega uppbyggingu og endurbætur á þurrkuninni við kaupin. Markmið uppbyggingarinnar voru skýr, þ.e. að bæta vinnsluferla og draga verulega úr lykt frá starfsemi, og þótti ljóst að þeim væri hægt að ná fram. Kaup félagsins á Laugafiski grundvölluðust á staðsetningunni. Hagræðið í því að hafa fiskþurrkun í næsta húsi við bolfiskvinnsluna er mikið, minnkar verulega svokallað sótspor og býður upp á aukin gæði vegna minni flutninga. Forráðamenn félagsins töldu að því yrði vel tekið að dregið yrði verulega úr lykt af starfsemi og hefðu ekki fest kaup á Laugafiski ehf. ef ljóst hefði verið að áhöld væru um hvort starfsemi fengi að vera á staðnum.

2. Núverandi aðstaða

Núverandi aðstaða félagsins til fiskþurrkunar er sem kunnugt er óviðunandi. Aðstæður gera ekkert annað en slakna með tímanum en fjárfestingar í betri búnaði o.fl. hafa dregist á langinn á meðan framtíð þurrkunarinnar er í óvissu. Þetta á ekki einungis við um eftirþurrkunina við Vesturgötu heldur einnig forþurrkunina að Breiðagötu.

3. Áform til bóta

Það atriði sem helst mun draga verulega úr lykt er lokun þurrkunarinnar undir einu þaki. Það er þekkt staðreynd að helsta ástæða lyktar eru opin hús. Við hönnun viðbyggingarinnar er því lögð áhersla á lokað ferli allt frá móttöku og þar til afurð er komin í gám. Rétt er að leggja áherslu á að þetta er það atriði sem eitt og sér mun draga helst úr lykt. Það má nefna það hér að félagið hefur áhuga á að ná samkomulagi um kaup á húsinu og lóðinni sem eftirþurrkunin stendur á. Náist samkomulag og leyfi fyrir viðbyggingunni hyggst félagið rífa núverandi eftirþurrkunarhús og skipta um jarðveg við það. Forráðamenn félagsins telja að lykt muni

berast frá eftirþurrkunarhúsinu og jarðvegi við það um nokkra framtíð þó starfsemin hætti, að öðru óbreyttu.

Það liggja fyrir ýmsar aðgerðir og viðhald við forþurrkunina að Breiðagötu. Má meðal annars nefna að viftur eru komnir til ára sinna. Við höfum kynnt okkur skýrslu og tillögur VSÓ ráðgjafar og munum taka fullt tillit til hennar. Nú þegar er farið að vinna að atriðum sem VSÓ benti á að betur mættu fara. Til að mynda er unnið að drögum að áhættugreiningu og umhverfisstjórnunarkerfi þar sem lögð er áhersla á að lágmarka lykt með vöktun á lyktaruppsprettum.

Félagið stefnir á að koma upp lyktarskynmati í og við vinnslu inn í verkferla, og hafa samráð um tilhögun þess.

Þess má geta að félagið hefur í viðleitni sinni til að draga úr lykt staðið fyrir tilraun með biofilter lofthreinsikerfi. Sú tækni er notuð í nágrennalöndum okkar til að draga úr lyktarmengun í útblásturslofti frá svínabúum. Tilraunin hófst í maí og hefur staðið yfir í tvo mánuði. Það ber að undirstrika að tilgangur þessarar tilraunar var ekki að draga úr lykt frá eftirþurrkuninni þar sem það er borin von að hreinsibúnaður geti dregið svo úr lyktinni að merkja meg. Lyktin frá eftirþurrkuninni stafar fyrst og fremst vegna aðstöðunnar sem er sem kunnugt er ófullnægjandi. Skynmatsmælingar gefa hins vegar vonir um að búnaðurinn virki og geti því dregið enn frekar úr lykt við nýja eftirþurrkun. Hins vegar er ekki hægt að draga frekari ályktanir um virkni fyrr en eftir lengri keyrslutíma.

Í umsókn félagsins er gert ráð fyrir töluverðri stækkun á núverandi húsnæði. Það er m.a. vegna rýmis fyrir þurrkjöfnun sem ekki er til staðar í dag. Þurrkjöfnunin mun bæta gæði afurða og draga úr lykt. Eins er gert ráð fyrir rými fyrir pökkun í gáma til að afurðin fari ekki úr húsi fyrr en búíð er að pakka henni í gám.

Til viðbótar við það sem kalla má endurbætur á núverandi vinnslu sækir félagið um leyfi til byggingar rýmis fyrir færibandaklefa og eftirþurrkun fyrir hann. Hér er um annað vinnsluferli að ræða en í þurrklefum og býður þessi aðferð upp á fleiri möguleika afurða, aukin afköst og aukið hagræði. Það er þó ljóst að ekki verður unnt að ráðast í þennan áfanga og þessa vinnslu fyrr en aukið aðgengi að heitu vatni næst fram.

4. Tilhögun framkvæmda

Að fengnu leyfi til framkvæmda mun félagið hraða þeim sem kostur er enda farið að reyna á biðlund forráðamanna félagsins (og fleiri) að geta dregið úr lykt frá starfseminni. Framkvæmdirnar verða áfangaskiptar:

Áfangi 1: Ráðist verður í þennan áfanga svo fljótt sem auðið er. Ný eftirþurrkun, rými fyrir þurrkjöfnun og pökkun. Afköst þurrkunarinnar munu aukast lítillega við þessar framkvæmdir eða úr um 170 tonna vinnslu á viku í um 200-250 tonn. Framkvæmdirnar munu fyrst og fremst auka vinnuhagræði og

gæði, akstur með hálfunnar afurðir fellur niður. Lykt frá starfseminni mun minnka verulega.


Stækkunin í áfanga 1 mun ganga til suðvesturs og norðvesturs, þ.e. ekki sjávarmegin við núverandi húsnæði.


Áfangi 2: Ráðist verður í framkvæmdir þegar aðgengi fæst að heitu vatni og landfylling verður til staðar, hugsanlega 2017. Hér er um að ræða aðra aðferð við þurrkun eða færibandaklefa og eftirþurrkun við hann. Við þessa framkvæmd mun afkastagetan aukast verulega eða um 300-350 tonn á viku. Þessi aðferð hentar mun betur við þurrkun ýmissa afurða sem henta síður til þurrkunar í þurrkklefum, t.d. hausar af smáum ufsa og smáufsa- og keilubitar (kótelettur).

Ástæða aukinna afkasta er einnig sú að í dag erum við ekki að anna vinnslu eigin afla. Til dæmis fara nánast allir sjófrystir fiskhausar til vinnslu annað. Þær vikur þar sem góður afli berst að landi annar þurrkunin ekki eigin framboði. Sá fiskistofn sem þurrkunin byggir helst á er nú í góðu jafnvægi og búist er við að hann gefi aukinn afla á næstu árum (þorskur). Með auknum afköstum vinnast afurðir hraðar og eiga aukin afköst þannig að draga enn úr hættu á óþægindum vegna lyktar.

5. Skýringarmyndir

Hér má sjá skýringarmyndir sem vonandi gefa glögga mynd af fyrirhuguðum framkvæmdum. Núverandi húsnæði forþurrkunar við Breiðagötu er 1.672 m² en fullbyggð mun þurrkunin verða 5.200 m². 1. áfangi er um 2.400 m².





6. Lokaorð

Það er HB Granda nokkurt kappsmál að fá niðurstöðu í þetta mál sem fyrst. Félagið mun standa að framkvæmdum eins og best verður á kosið og hraða þeim eins og mögulegt er. Við teljum fullvíst að draga muni verulega úr lyktarópægindum vegna starfseminnar í kjölfar umræddra framkvæmda. Það er hins vegar ljóst að ekki verður alfarið komið í veg fyrir lykt af fiskþurrkun frekar en annarri vinnslu á fiski.

Hugmyndir hafa komið fram um annars konar fyrirkomulag viðbygginga sem kæmu í veg fyrir landfyllingu. Landfyllingin gefur kost á hagræðingu í vinnslu sem er það mikils virði að án hennar væri vinnslan verulegum annmörkum háð. Við leggjum því áherslu á fyrirkomulagið eins og það er lagt fram í umsókninni.

F.h. HB Granda hf.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri